

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 222/2016

2018/EES/56/07

frá 2. desember 2016

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/972 frá 17. júní 2016 um leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCTC 10423BP, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/973 frá 17. júní 2016 um leyfi fyrir sinkbislýsínati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/997 frá 21. júní 2016 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD 2106), sem fóðurukefni fyrir mjólkandi gyltur og aukategundir svína (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd) <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1007 frá 22. júní 2016 um leyfi fyrir ammóníumklóríði sem fóðurukefni fyrir jörturdýr, önnur en eldislömb, ketti og hunda (leyfishafi er Latochema Co. Ltd) <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 168. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/900) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „169. **32016 R 0972:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/972 frá 17. júní 2016 um leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCTC 10423BP, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjttíð. ESB L 161, 18.6.2016, bls. 18).
170. **32016 R 0973:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/973 frá 17. júní 2016 um leyfi fyrir sinkbislýsínati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjttíð. ESB L 161, 18.6.2016, bls. 21).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 161, 18.6.2016, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 161, 18.6.2016, bls. 21.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 164, 22.6.2016, bls. 4.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. ESB L 165, 23.6.2016, bls. 10.

171. **32016 R 0997:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/997 frá 21. júní 2016 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD 2106), sem fóðuruakefni fyrir mjólkandi gyltur og aukategundir svína (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd) (Stjtið. ESB 22.6.2016, bls. 4).
172. **32016 R 1007:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1007 frá 22. júní 2016 um leyfi fyrir ammóníumklóríði sem fóðuruakefni fyrir jörturdýr, önnur en eldislömb, ketti og hunda (leyfishafi er Latochema Co. Ltd) (Stjtið. ESB 23.6.2016, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 2016/972, (ESB) nr. 2016/973, (ESB) nr. 2016/997 og (ESB) nr. 2016/1007, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Bergdís Ellertsdóttir**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.